

Tillaga að stofnun húsnæðissjóðs BÍL

Stjórn BÍL leggur til að stofnaður verði húsnæðissjóður Bandalags íslenskra leikfélaga. Markmið sjóðsins verði að greiða úr húsnæðismálum samtakanna.

Greinargerð með tillögunni:

Þjónustumiðstöð BÍL er nú í leiguhúsnæði að Kleppsmýrarvegi 8. Leigan er ásættanleg miðað við það sem gengur og gerist á leigumarkaði og er nú um 1.3 milljónir á ári. Vera okkar í núverandi húsnæði er hinsvegar ótrygg og líkur á að innan fárra ára eða jafnvel missera verði húsið selt og rifið. Við munum þá standa frammi fyrir því að finna nýtt húsnæði til leigu og allar líkur á að leigan hækki umtalsvert við það. Óvissan sem við stöndum frammi fyrir er mikil og hætt við að veikur rekstrargrunnur Þjónustumiðstöðvar verði enn ótraustari og má þó ekki við miklu. Jafnframt leggur stjórn BÍL til eftirfarandi:

Sú upphæð sem er til skiptanna til verkefna félaganna leikárið 2020-21 er 18.5 milljónir. Verkefnastyrkur fyrir hverja mínútu síðasta leikár var **6.275 kr.** Styrkur fyrir sýningu í fullri lengd án álags var því 502.042 kr. á síðasta ári. Það var umtalsvert hærri styrkur en árið 2019 þegar hann var 361.614 kr. eða **4.520 kr.** á mínútu. Munurinn helgast aðallega af því að vegna Covid-19 voru verkefni félaganna mun færri en venjulega. Gera má ráð fyrir að á þessu ári verði þau enn færri.

Stjórn leggur til að við úthlutun skiptist styrkupp hæðin á þennan hátt:

1. Verkefnastyrkur án álags fyrir leikárið 20-21 verði fastsettur á **5.400 kr.** á mínútu eða 432.000 kr. fyrir sýningu í fullri lengd. Sú tala er meðaltal áranna 2019 og 2020.

2. Þrjár milljónir af verkefnastyrk 20-21 verði teknar til hliðar og bætt við verkefnastyrki leikárið 2021-22. Það gæti orðið hvati til að leikárið 2021-22 sem vonandi verður Covid-frítt, verði sérlega öflugt.

3. Það sem eftir stendur af verkefnastyrk verði sett í nýjan húsnæðissjóð Bandalagsins með það fyrir augum að búa okkur undir væntanlegan flutning í nýtt húsnæði. Stjórn verði gefin heimild til að skoða möguleika á að nota sjóðinn til kaupa á húsnæði ef það borgar sig fremur en að leigja. Jafnframt fái stjórn heimild til nauðsynlegrar lántöku ef af húsnæðis kaupum verður.

Undanfarinn áratug eða svo hefur aðalfundur BÍL ávallt samþykkt að hluti af verkefnastyrk fari til reksturs Þjónustumiðstöðvar. Það hlýtur að vera markmið okkar að reksturinn verði sjálfbær þannig að ekki þurfi að grípa til slíkra ráðstafana. Tillaga okkar um húsnæðissjóð er liður í að það verði að veruleika í náinni framtíð.

Stjórn BÍL